

L Ö G**um tímabundið olúgjald til fiskiskipa.****FORSÆTI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olúgjald, er nemi 5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olúgjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjár sjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1.0% olúgjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafleverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafila og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Gjört í Reykjavík 1. febrúar 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Kjartan Jóhannsson.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, með áorðnum breytingum,
um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: Almenna deild, áhafnadeild og verðjöfnunar-deild.